

# Brunatrygging húseignar í smíðum

Skilmáli E-2

## Almennt:

Vátryggt er skv. lögum nr. 48/1994 um brunatryggingar með síðari breytingum og reglugerð nr. 809/2000 um lögboðna brunatryggingu húseigna.

Um vátrygginguna gilda lög nr. 30/2004 um vátryggingasamninga ef eigi leiðir annað af skilmálum þessum eða öðrum ákvæðum vátryggingarsamnings.

Í skilmálanum merkir hugtakið "félagið" Vörður tryggingar hf.

### 1. gr. Hvað er vátryggt ?

Vátryggingin tekur til húseignar þeirrar sem tilgreind er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ásamt venjubundnu fylgifé hennar sem fellur undir brunabótamat eignarinnar í samræmi við matsreglur Fasteignamats ríkisins á hverjum tíma. Vátryggingin tekur m.a. til eftirfarandi atriða enda hafi verið tekið tillit til þeirra í brunabótamati eignarinnar:

- 1.1 Fastra innréttinga, s.s. fastra stóla og bekkja, lyftu-, vatns-, hita-, loftræsti-, skólps-, raf-, síma- og tölvulagna að því marki sem slíkar lagnir geta talist fylgifé viðkomandi húseignar.
- 1.2 Venjubundins fylgifyrjar íbúða, s.s. eldavéla, eimháfa, útvarps- og sjónvarpsloftneti (þó ekki gervihnattadiska), fasttengds búnaðar, t.d. eldvarnarbúnaðar, innbrotavarnarbúnaðar, fasttengdra lampa í eldhúsum, þvottahúsum, baðherbergjum og snyrtingum og ljósa sem innfelld eru í loft eða klæðningar. Einnig til gólfteppa sem hafa verið tilnsiðin fyrir húseignina og varanlega komið fyrir í henni ásamt gluggatjaldaköppum og festingum fyrir gluggatjöld.
- 1.3 Botnplata og undirstaða ásamt fyllingu og lögnum í grunni allt að 1.2 m niður fyrir efri brún botnplötu.
- 1.4 Kostnaðar við að hreinsa húseign og ryðja burt brunarústum.
- 1.5 Nauðsynlegs hönnunar- og efniskostnaðar m.a. vegna aukinna krafna og fyrirmæla opinberra aðila eftir að hús var reist.
- 1.5 Girðinga og mannvirkja, s.s. sólpalla sem eru varanlega tengd við hús enda hafi bygging þeirra verið tilkynnt vátryggingafélagi og óskað hafi verið endurmats ef mannvirkin hafa verið reist síðar en húseignin.

### 2. gr. Hver er vátryggður ? – vátryggingarstaður

- 2.1 Þinglesinn eigandi húseignarinnar er hinn vátryggði. Um réttindi þriðja manns gildir gr. 18.1.
- 2.2 Vátryggingin gildir aðeins á þeim stað sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

### 3. gr. Tjónsorsakir sem vátryggingin nær til

Vátryggingin tekur til tjóns á hinu vátryggða af eftirfarandi orsökum, þó með þeim undantekningum sem getið er í þessari grein:

- 3.1 Eldsvoði. Tjón af völdum eldsvoða.  
Ekki bætist tjón af eldi er eigi verður talinn eldsvoði, s.s. tjón á munum sem verða fyrir eldi eða hita við upphitun, suðu, þurrkun, reykingu eða þess háttar og brenna af þeirri ástæðu eða skemmast.  
Ekki bætist tjón á rafmagnsvélum, lögnum eða tækjum er orsakast af skammhlaupi eða öðru rafmagnsfyrirbrigði eingöngu og spani frá rafmögnum óveðri nema af því leiði eldsvoði eða sé afleiðing eldsvoða.
- 3.2 Elding. Tjón af völdum eldingar þótt eigi verði íkveikja.
- 3.3 Sprenging. Tjón sem orsakast af sprengingu í gufukatli til upphitunar húss. Einnig tjón af völdum gassprengingar vegna eldunar- og suðutækja og gaslagna til upphitunar húsa. Tjón af völdum annars konar sprengingar bætist ekki. Ekki bætist sá hlutur, vél eða ketill sem sprengingin verður í.
- 3.4 Sótfall. Tjón af völdum sótfalls sem verður skyndilega og óvænt frá viðurkenndu kynditæki, eldstæði eða blásara. Ekki bætist tjón af sóti eða reykháfi sem orðið hefur smám saman við notkun s.s. sótt frá reykhláfi eða kertum.
- 3.5 Tjón af völdum loftfars. Tjón af völdum loftfars og hluts sem frá því fellur enda fáist tjónið ekki bætt úr öðrum vátryggingum.  
Slökkvi- og björgunaraðgerðir. Tjón af völdum slökkvi- og björgunaraðgerða, niðurrifs eða annarra réttmætra aðgerða til að afstýra eða draga úr tjóni.

### 4. gr. Undanskildar áhættur

Vátryggingin bætir ekki:

- 4.1 óbeint tjón sem kann að leiða af bótaskyldum tjónsatburðum, s.s. rekstrartap, töf á framleiðslu eða afhendingu vöru, missi húsaleigutekna o.þ.h.;
- 4.2 tjón sem beint eða óbeint er af völdum kjarnorku, t.d. kjarnasprengingar, kjarnabruna, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangs eða af völdum styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgararósta, uppreisnar, uppbots eða svipaðra aðgerða. Sama gildir um tjón sem beint eða óbeint eru af völdum jarðskjálfta, eldgosa, snjóflóða eða annarra náttúruhamfara;
- 4.3 kostnað vegna hreinsunar úrgangs- eða eiturefna í umhverfi eða jarðvegi vegna bótaskylds tjónsatburðar, sbr. þó gr. 1.4.

### 5. gr. Upphaf ábyrgðar félagsins

Hús í smíðum. Vátrygging á húsi í byggingu, hvort sem um nýbyggingu er að ræða eða viðbyggingu við eldra hús, hefst um leið og eigandi eða forsvarsmáður eignarinnar hefur afhent félaginu beiðni þar um.

- 5.1 Hús sem tekið hefur verið í notkun - Fullbyggt hús. Vátrygging fullbyggðs húss eða húss sem tekið hefur verið í notkun gengur í gildi þegar vátryggingafélagið eða einhver á vegum þess hefur sannanlega tekið við vátryggingarbeiðni enda liggi fyrir brunabótamat eignarinnar eða beiðni um framkvæmd brunabótamats. Sama á við um gildistöku endurmats.

## 6. gr. Vátryggingarfjárhæð

6.1 Hús í smíðum.

Vátryggingarfjárhæð húss í smíðum fer eftir samkomulagi vátryggingartaka og félagsins.

6.2 Hús sem tekið hefur verið í notkun.

Vátryggingartaka er skylt að óska eftir framkvæmd brunabótamats eigi síður en 4 vikum eftir að nýtt hús er tekið í notkun eða smíði þess er lokið. Vátryggingarfjárhæð byggist á mati þeirra efnislegu verðmæta húseignarinnar sem geta eyðilagst af eldi og miðast við byggingarkostnað hennar að frádrögnum afskriftum vegna aldurs, slits, viðhalds og ástands eignarinnar að öðru leyti. Með byggingarkostnaði er átt við eðlilegan kostnað við byggingu viðkomandi húseignar samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins. Miða ber við þær byggingaraðferðir og byggingarefni sem tíðkast á virðingardeggi.

6.3 Breyting á verðmæti.

Hafi húseign verið stækkuð eða endurbætt umfram venjulegt viðhald skal vátryggingartaki láta meta hana að nýju og eigi síðar en 4 vikum eftir að stækkun eða endurbótum lauk. Vátryggingartaka ber einnig að óska endurmats húseignarinnar telji hann vátryggingarfjárhæðina ekki í samræmi við raunvirði hússins með tilliti til byggingarkostnaðar, gerðar, aldurs og ástands.

6.4 Endurmat.

Vátryggingartaka er heimilt að óska eftir nýju brunabótamati á húseigninni hvenær sem er enda fer matið fram á kostnað hans. Sé ágreiningur milli félagsins og vátryggingartaka um fjárhæð brunabótamats getur félagið einnig óskað endurmats. Það mat er á kostnað félagsins sé fyrra matið staðfest.

## 7. gr. Vísitölubreytingar

Vátryggingarfjárhæð breytist árlega skv. ákvörðun Fasteignamats ríkisins vegna breytinga sem orðið hafa á byggingarkostnaði hinna ýmsu tegunda húseigna næstliðið ár að teknu tilliti til útreiknaðra eða áætlaðra afskrifta vegna sama tímabils. Vátryggingarfjárhæð breytist jafnframt mánaðarlega í samræmi við vísitölu byggingakostnaðar útgefinni af Hagstofu Íslands.

## 8. gr. Vátryggingartímabil – endurnýjun - uppsögn

8.1 Félaginu er óheimilt að segja vátryggingunni upp vegna vanskila á iðgjaldi.

8.2 Vátryggingin gildir fyrir það tímabil sem tiltekið er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Að því loknu endurnýjast vátryggingin sjálfkrafa í eitt ár í senn, sé vátryggingunni ekki sagt upp af hálfu vátryggingartaka innan mánaðar frá því félagið sendi endurnýjunarkvittun. Vátryggingartaka er jafnframt heimilt að segja upp vátryggingu, sem endurnýjast sjálfkrafa, vegna flutnings vátryggingarinnar til annars félags, sbr. 14. gr. og 75 gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Skal þá tilkynna félaginu um uppsögn með mánaðar fyrirvara og miðast uppsögn við næstu mánaðamót þar á eftir. Þegar vátryggingin er tekin vegna atvinnurekstrar, þar sem umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemi fer að mestu leyti fram erlendis, getur vátryggingartaki aðeins sagt vátryggingunni upp við endurnýjun hennar og skal uppsögn í síðasta lagi hafa borist félaginu einum mánuði fyrir lok vátryggingartímabilsins. Félagið áskilur sér rétt til iðgjaldabreytinga og/eða skilmálabreytinga við endurnýjun vátryggingarinnar. Uppsögn er ekki gild nema henni fylgi staðfesting þess efnis að húseigandi hafi stofnað til nýrrar vátryggingar hjá öðru vátryggingafélagi.

## 9. gr. Iðgjald

9.1 Iðgjald greiðist fyrirfram en þó ekki fyrir lengri tíma en eitt ár í senn. Félagið sendir vátryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send. Sé iðgjald ekki greitt innan greiðslufrests reiknast dráttarvextir á iðgjaldið.

9.2 Hafi vátryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur skv. 2. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.

9.3 Iðgjöld hvíla sem lögveð á vátryggðri húseign og ganga í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum sem á henni hvíla, nema sköttum til ríkissjóðs. Séu iðgjöld eigi greidd innan sex mánaða frá gjalddaga er heimilt að selja hina vátryggðu eign á uppboði, sbr. lög um nauðungarsölu nr. 90/1991.

9.4 Falli vátrygging þessi úr gildi á vátryggingartímabilinu vegna sölu eða annarra lögmætra ástæðna endurgreiðir félagið iðgjaldið hlutfallslega.

## 10. gr. Endurkröfuréttur félagsins

Eigi vátryggður fébótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt bætur vegna tjónsins.

## 11. gr. Tilkynning um tjón – Ráðstafanir til varnar tjóni

11.1 Þegar það atvik, sem vátryggt er gegn hefur gerst eða hætta er á því að það gerist ber vátryggðum skylda til þess að reyna afstýra eða lágmarka tjónið. Hafi vátryggður af þessum sökum orðið fyrir útgjöldum mun félagið endurgreiða þau að því leyti sem þau teljast réttlætanleg. Vanræksla í þessu efni getur valdið lækkun eða missi bóta skv. 28. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingasamninga.

11.2 Vátryggður glatar rétti til bóta ef hann tilkynnir ekki félaginu um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem bóta krafan er reist á. Ef félagið hafnar kröfu vátryggðs í heild eða hluta glatar hann rétti til bóta ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu félagsins um að kröfu hans var hafnað.

11.3 Vátryggður skal veita félaginu þær upplýsingar og þau gögn sem hann hefur undir höndum eða getur útvegað og félagið þarf til þess að meta ábyrgð sína og greiða bætur. Ef vátryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að að leiða til þess að hann fær bætur, sem hann á ekki rétt á, fellur niður allur réttur hans samkvæmt vátryggingarsamningnum. Félaginu er ennfremur heimilt þegar svo stendur á að segja upp, með viku fyrirvara, öllum öðrum vátryggingasamningum sem vátryggður hefur hjá félaginu.

## 12. gr. Virðing tjóns

- 12.1 Matsmenn á vegum félagsins meta tjón og ber félaginu að hlutast til um að virðing fari fram svo fljótt sem verða má. Skulu helstu liðir virðingarinnar sérgreindir.
- 12.2 Ef gerðar hafa verið breytingar eða viðbætur sem auka verðmæti hinnar váttryggðu eignar eftir að hún hefur verið váttryggð hjá félaginu og þessa verðmætisauka hefur ekki verið mætt með aukinni váttryggingu skal þessu nýja verðmæti haldið utan við ákvörðun brunabótanna.
- 12.3 Eyðileggist húseign algerlega skulu matsmenn kanna hvort váttryggingarfjárhæðin sé í samræmi við raunverulegt verðmæti eignarinnar á tjónsdegi.
- 12.4 Meta skal viðgerðarkostnað á hinu váttryggða skv. 3. mgr. 37. gr. laga um váttryggingarsamninga og ber þá að miða við þær byggingaraðferðir og byggingarefni sem tíðkaðist er váttryggingaratburðurinn varð. Bætur skulu reiknaðar á verðlagi eins og það var á tjónsdegi.
- 12.5 Við ákvörðun bóta skal ekki reikna með aukakostnaði vegna byggingarefnis og byggingaraðferða sem eigi teljast lengur hagkvæm.
- 12.6 Hafi verið ákveðið að rífa hús eða ástand þess var með þeim hætti að niðurrif var óhjákvæmilegt áður en váttryggingaratburðurinn varð skal miða bótafjárhæð við verðmæti hússins til niðurrifs.
- 12.7 Tjónþola er óheimilt að raska vettvangi fyrr en matsmenn félagsins hafa metið tjónið.
- 13. gr. Uppgjör tjóns**
- 13.1 Váttryggingarbótum skal varið til að gera við hús sem skemmst hefur eða til að byggja það upp að nýju. Bætur falla eigi í gjaldaga fyrr en viðgerð eða endurbygging hefur farið fram. Nú hefur viðgerð farið fram að hluta og á þá váttryggður rétt á greiðslu á viðgerðarkostnaði sem þegar er á fallinn. Félagið greiðir almenna vexti á þessar bætur þegar tveir mánuðir eru liðnir frá því að lagt var út í þennan viðgerðarkostnað skv. reglu 2. mgr. 50. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Váttryggður á rétt á almennum vöxtum af kröfu sinni sem er óháð endurbyggingu, þegar tveir mánuðir eru liðnir frá váttryggingaratburði sbr. 1. mgr. 50. gr. sömu laga. Vextir eru þeir sömu og reiknast á almennar skaðabætur skv. lögum nr. 38/2001. Engar bætur verða þó greiddar fyrr en að lokinni opinberri rannsókn vegna tjónsatburðarins eða, hafi sakamál verið höfðað, að gengnum fullnaðardómi.
- 13.2 Félaginu er heimilt að veita undanþágu frá byggingarskyldu að höfðu samráði við skipulagsyfyrvöld gegn því skilyrði að 15% dragist frá bótafjárhæðinni. Frádrætti þessum skal þó ekki beitt ef endurbygging er ekki heimil af skipulagsástæðum eða öðrum ástæðum sem tjónþola er ekki sjálfrátt um.
- 13.3 Hafi ákvörðun verið tekin um að veita undanþágu frá byggingarskyldu og telji félagið brunabótamat húseignar greinilega hærra en markaðsverð húseignarinnar er félaginu heimilt að miða bótafjárhæð við markaðsverð viðkomandi húseignar að lóð meðtalinni.
- 14. gr. Ágreiningur – Yfirfasteignamatstnefnd – Gerðardómur**
- 14.1 Rísi ágreiningur milli félagsins og váttryggðs um fjárhæð brunabótamats fer um endurmat skv. gr. 7.4. Vilji félagið eða váttryggður ekki una niðurstöðu endurmats Fasteignamats ríkisins er heimilt að vísa ágreiningi þar um til yfirfasteignamatstnefndar. Fyrir kostnað við úrskurð nefndarinnar skal greiða samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra váttryggingamála setur. Kostnað við úrskurð ber sá sem gerð gengur á móti.
- 14.2 Hafi tjón orðið og ágreiningur er um bótafjárhæð má skjóta málinu til gerðardóms. Gerðardómur skal skipaður tveimur mönnum er héraðsdómur í umdæmi því sem húseign er í tilnefni hverju sinni. Greiða skal kostnað vegna gerðardóms samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra váttryggingamála setur. Kostnaðinn ber að jafnaði sá sem gerð gengur á móti.
- 15. gr. Upplýsingaskylda váttryggingartaka**
- 15.1 Við gerð eða endurnýjun váttryggingarsamnings ber váttryggingartaka, eða eftir atvikum váttryggðum, að veita félaginu þær upplýsingar um váttryggingaráhættuna sem félagið óskar. Sömu leiðis ber váttryggingartaka, og eftir atvikum váttryggðum, að greina félaginu frá sérstökum atvikum sem hann veit eða má vita að hafa þýðingu fyrir mat félagsins á áhættunni.
- 15.2 Skýri váttryggingartaki sviksamlega frá, eða leyni hann atvikum er skipt geta máli um áhættu félagsins, eða gefi hann að öðru leyti rangar upplýsingar til félagsins, getur það haft í för með sér að bótaábyrgð félagsins takmarkast eða fellur niður skv. 20. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 15.3 Hafi váttryggingartaki viðhaft sviksamlega háttsemi við upplýsingagjöf getur félagið slitið án fyrirvara öllum öðrum váttryggingasamningum sem váttryggingartaki hefur hjá félaginu.
- 15.4 Félaginu er heimilt að skoða hið váttryggða og umbúnað þess þegar félagið óskar.
- 16. gr. Varúðarreglur - áhættuaukning**
- 16.1 **Váttryggðum og þeim sem samsamast honum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur í þessum skilmála eða á váttryggingarskírteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar skv. 26. gr. laga nr. 30/2004.**
- 16.2 **Iðgjald þessarar váttryggingar fer eftir notkun váttryggðs hlutar eða starfsemi sem hann er notaður í og gefnar eru upplýsingar um við váttryggingartöku. Sé tiltekin ákveðin notkun/starfsemi á hinu váttryggða á váttryggingarskírteini og notkun/starfsemi breytist ber váttryggðum og/eða þeim sem réttar njóta, samkvæmt váttryggingu þessari, að tilkynna félaginu það jafnskjótt og þeim er kunnugt um breytinguna. Misbrestur á því getur valdið takmörkun á ábyrgð félagsins skv. 25. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.**
- 16.3 **Varúðarregla: Váttryggðum ber að sjá um að umbúnaður á váttryggingarstað sé í fyllsta samræmi við reglur í gildandi lögum og reglugerðum á hverjum tíma, eftir því sem við á. Váttryggðum ber að fara eftir fyrirmælum eða athugasemdum frá opinberum eftirlitsstofnunum svo sem Brunamálastofnun og Löggildingarstofu.**
- 17. gr. Ásetningur eða stórkostlegt gáleysi váttryggðs**
- 17.1 Ef tjón verður rakið til ásetnings váttryggðs fellur bótaábyrgð félagsins niður.
- 17.2 Valdi váttryggður tjóni af stórkostlegu gáleysi getur það leitt til takmörkunar eða brottfalls bótaábyrgðar félagsins skv. 27. gr. laga nr. 30/2004.

**18. gr. Tvítrygging**

Þegar hagsmunir þeir sem váttrygging þessi tekur til eru einnig váttryggðir með annarri váttryggingu hjá öðru váttryggingafélagi greiðist ekki hærri hluti heildarbóta samkvæmt váttryggingu þessari en sem svarar hlutfallslegri skiptingu milli váttrygginganna á grundvelli þess að hve miklu leyti hagsmunir þeir eru váttryggðir af hverri váttryggingu.

**19. gr. Réttur þriðja manns - samsömun**

19.1 Váttrygging þessi er til hagsbóta fyrir váttryggðan og fyrir rétthafa að þinglýstum eignarrétti, veðrétti eða öðrum þinglýstum tryggingarréttindum í hinni váttryggðu eign. Félagið getur ekki borið fyrir sig gagnvart váttryggðum að meðváttryggður hafi brotið gegn ákvæðum þessa váttryggingarsamnings sbr. þó gr. 18.2.

19.2 Við váttryggingu íbúðarhúsnæðis er félaginu heimilt að bera fyrir sig gagnvart váttryggðum að maki eða sambúðarmaki hans hafi brotið gegn ákvæðum váttryggingarinnar skv. reglu b-liðar, 2. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga

**20. gr. Viðlagatrygging Íslands**

Með brunatryggingu húseigna stofnast sjálfkrafa váttryggingarvernd hjá Viðlagatryggingu Íslands skv. lögum nr. 55/1992.

Viðlagatrygging bætir tjón af völdum náttúruhamfara m.a. eldgosu, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða sbr. 4. grein laganna.

**21. gr. Heimili – Varnarþing - Ágreiningur**

Heimili félagsins og varnarþing er á í Reykjavík. Ágreiningi um bótaskyldu má skjóta til Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um nefnd þessa og starfsháttu má fá hjá félaginu. Dómsmál sem kunna að rísa vegna þessa váttryggingarsamnings skulu rekin gegn félaginu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

**Skilmálar þessir gilda frá 01.01.2016**